



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Gunnarsholti 16. september 2019

Efni: Umsögn um tillögu að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal

Landgræðslunni hefur borist til umsagnar tillaga að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Landgræðslan fagnar áformum um friðlýsingunni svæðis í Þjórsárdal og tekur undir að verndargildi svæðisins er mikið. Þá er Landgræðslan ánægð með markmið friðlýsingarinnar sem, auk jarðfræðilegrar sérstöðu, landslags og náttúrufrýrbæra, er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, verndun vistkerfa, endurheimt raskaðra vistkerfa og áframhaldandi vinnu við uppgræðslu og endurheimt birkiskóga.

Í ljósi þessara markmiða leggur Landgræðslan til að mörk friðlandsins verði stækkuð þannig að það nái yfir birkitorfur í Áslákstungum, sem eiga í vök að verjast vegna jarðvegsrofs, skóglausar gróðurtorfur ofan þeirra og fjallsins Dímon. Ætla má að birkið í Áslákstungum sé hið upprunalega í dalnum sem hefur aðlagast því umhverfi sem þar er, þ.m.t. gjósku úr Heklu. Grónar torfur eru dýrmætar fræuppsprettur sem mikilvægt er að vernda og er einnig liður í að viðhalda líffræðilegum erfðabreytileika. Því fleiri torfum sem tekst að bjarga því meiri ávinningur. Gróðurtorfur þessar eru að auki hluti af landslagsheildinni.

Dímon er sérstakt og formfagurt, skógivaxið fjall. Á toppi þess er mjög áhugaverð gróðurframvinda, þar sem birki og víðir eru að vaxa breiðast út og þar vex fjöldi blómplantna. Á friðuðu svæði í og innan Dímons vex gríðarlega mikið af baunagrasi (*Lathyrus japonicus. subsp. maritimus*).

Með hliðsjón af útivistargildi svæðisins vekur Landgræðslan athygli á mikilvægi vandaðra göngustíga á svæðinu með náttúruvernd að leiðarljósi sem falla vel að landslaginu og valda lágmarks raski á jarðvegi, gróðri og jarðmyndunum. Einkum á það við um vinsæla áningarstaði eins og Gjána og við Háafoss og gönguleið þar á milli.


Mikilvægt er að hafa í huga fjölbreytta útivistarmöguleika á svæðinu og leitast við að koma til móts við vaxandi hópa hjólréiðafólks og utanvegahlaupara, svo dæmi séu tekin. Gera þarf áætlun um aðgangsstýringu og haga uppbyggingu stíga í samræmi við ólíkar þarfir notendanna, en um

leið og ekki síður hvað hentar á hverju svæði svo komið verði í veg fyrir skemmdir á náttúru. Í því sambandi er samstarf við helstu hagsmunaaðila áriðandi.

Varðandi gerð göngustíga gildir almennt að veita vatni af og frá þeim til að bæta endingu þeirra og til að koma í veg fyrir jarðvegsrof. Eyðingarmáttur vatns og samspil vatns, halla og yfirborðs á stígum ráða mestu um verndar gildi þeirra og líftíma. Jafnframt stuðla pollar í stígum að myndun villustíga og jarðvegsrofs í versta falli. Einnig er mikilvægt að fækka og loka villustígum sem þegar hafa myndast og græða sár vegna átroðnings með staðargróðri í anda vistheimtar. Í þeim tilgangi getur reynst vel að varðveita torfur sem kunna að vera stungnar upp vegna göngustígagerðar. Landgræðslan lýsir sig fúsa til samráðs um hönnun göngustíga á svæðinu verði til hennar leitað.

Reglulegt eftirlit með svæðinu og landvarsla hefur mikla þýðingu fyrir náttúrvernd, öryggi og þjónustu við gesti. Þá styður Landgræðslan takmarkanir á umferð gesta á leysingartímum og vissum árstíma þegar mikið vatn situr í jarðvegi og jarðvegur og gróður er sérlega viðkvæmur fyrir átroðningi.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar



Gústav Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs